

Framboð til setu í tilnefningarnefnd

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf.

11. mars 2022

Neðangreind framboð til setu í tilnefningarnefnd Sjóvá-Almennra trygginga hf. hafa borist. Stjórn Sjóvár hefur yfirfarið framboðin og metur þau öll gild:

Finnur R. Stefánsson, fæddur 14. október 1969 til heimilis í Garðabæ. Finnur hefur próf í hagfræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu í fjármálum frá Virginia Tech. Hann er framkvæmdastjóri fjárfestingarfélagins Snæbóls ehf. Finnur var sjóðsstjóri hjá Landsbréfum frá 1994, í áhættustýringu hjá FBA 1998-2000 og framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Íslandsbanka-FBA / Glitnis 2000-2007. Finnur hefur setið í stjórn Klasa og dótturfélaga frá árinu 2007, í stjórn Icelandair Group 2007-2010, í stjórn Straums fjárfestingarbanka / Kvikubanka frá 2014-2017 og í stjórn Umbreytingar slhf. frá 2018.

Finnur er óháður félaginu og daglegum stjórnendum en telst háður stórum hluthafa þar sem hann er framkvæmdastjóri og annar eigenda Snæbóls ehf. sem á 9,62% hlut í félaginu.

Katrín S. Óladóttir, fædd 20. október 1953, til heimilis í Hafnarfirði. Katrín hefur lokið kvennaskólaprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún er framkvæmdastjóri Hagvangs og meirihlutaeigandi í hópi þriggja eigenda fyrirtækisins. Katrín sinnir daglegri stjórnun og rekstri fyrirtækisins auk stjórnendaráðninga. Áður starfaði hún sem ráðningarstjóri og sinnti fjölbreyttri ráðgjöf við ráðningar síðan 1983. Katrín hefur setið í tilnefningarnefnd Skeljungs hf.

Katrín er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Sigríður Olgeirsdóttir, fædd 5. maí 1960 til heimilis í Kópavogi. Sigríður er kerfisfræðingur frá Tígentskolen í Danmörku, með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík, AMP-gráðu frá Harvard Business School og próf í rekstrar- og viðskiptafræðum frá Endurmenntun Háskóla Íslands. Sigríður er sjálfstætt starfandi en hún var áður sviðsstjóri þjónustu hjá Völku, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka og Framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss, forstjóri Humac og framkvæmdastjóri hjá Tæknivali og stofnaði og byggði upp Tæknival í Danmörku. Sigríður hefur setið í fjölmörgum stjórnun hérlendis sem erlendis og hefur lokið hæfnismati Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Sigríður er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.